

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Læknafélag Íslands
hins vegar

gera með sér eftirfarandi

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

1. gr.

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila með bókunum og fylgiskjölum framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.

Launahækkunir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1. apríl 2023: Laun hækka samkvæmt útfærslu í meðfylgjandi launatöflum í fylgiskjali 1.

Samkomulag er um að með þessari hækkun komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. samningsforsendum í kjarasamningi aðila 2019-2023 og telst hann að fullu efndur.

3. gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 103.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 56.000 kr.

4. gr.

Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókun, verkáætlun og fylgiskjali, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 14:00 þann 23. júní 2023 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 15. júní 2023

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki

f.h. Læknafélags Íslands, með fyrirvara um
samþykki félagsmanna

Verkátun með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Læknafélags Íslands
hins vegar
dags. 15. júní 2023

Bókun 1

Þann 1. janúar 2024 mun áður bókun 3 úr samningi aðila frá 6. júní 2017 breytast og verða sem hér segir:

Aðilar eru sammála um að þrátt fyrir ákvæði gr. 4.1.3 skuli leitast við að takmarka fjölda gæsluvakta utan dagvinnutíma, sem eru 16 klst. eða lengri, sem hverjum og einum lækni er gert að sinna. Í því skyni hafa aðilar orðið sammála um eftirfarandi:

Fari vaktafjöldi umfram 24 slíkar vaktir, miðað við fjögurra mánaða tímabil, skal greiða 35% álag ofan á gæsluvaktarálag.

Fari vaktafjöldi umfram 28 slíkar vaktir, miðað við fjögurra mánaða tímabil, skal greiða 40% álag ofan á gæsluvaktarálag.

Fari vaktafjöldi umfram 32 slíkar vaktir, miðað við fjögurra mánaða tímabil, skal greiða 45% álag ofan á gæsluvaktarálag.

Fari vaktafjöldi umfram 36 slíkar vaktir, miðað við fjögurra mánaða tímabil, skal greiða 50% álag ofan á gæsluvaktarálag.

Fari vaktafjöldi umfram 40 slíkar vaktir, miðað við fjögurra mánaða tímabil, skal greiða 55% álag ofan á gæsluvaktarálag.

Álagsgreiðsla þessi fellur ekki niður þann tíma sem yfirvinna vegna útkalla er greidd.

Verkátun

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

| Málefni | Vinna hefst | Vinnu lýkur |
|--|-------------------|--------------------|
| Greining á vinnutíma- og launamyndunarpáttum. | 1. september 2023 | 31. desember 2023 |
| Gæsluvaktir / skoðun á fyrirkomulagi gæsluvakta. | 1. september 2023 | 31. desember 2023 |
| Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2. | Vinna þegar hafin | 31. október 2023 |
| Tryggingar, gr. 12.8. | 1. september 2023 | 30. september 2023 |
| Endurmenntun, kaflí 8. | 1. nóvember 2023 | 31. desember 2023 |

Aðilar áskilja sér rétt til að taka fleiri mál til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Þann 31. janúar 2024 skulu kröfur stéttarfélaga liggja fyrir. Eigi síðar en 15. febrúar 2024 skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

Fylgiskjal 1

Launatafla gildir frá 1. apríl 2023.

| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|------------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| 100 | 595.366 | | | | | |
| 200 | 666.982 | 686.992 | 707.602 | 728.830 | 750.694 | |
| 201 | 686.738 | 707.340 | 728.560 | 750.417 | 772.929 | |
| 202 | 707.087 | 728.300 | 750.148 | 772.653 | 795.832 | |
| 203 | 728.046 | 749.888 | 772.384 | 795.556 | 819.422 | |
| 204 | 749.634 | 772.123 | 795.287 | 819.145 | 843.719 | |
| 205 | 771.870 | 795.027 | 818.877 | 843.444 | 868.747 | |
| 300 | 930.632 | 958.551 | 987.307 | 1.016.927 | 1.047.434 | 1.078.857 |
| 301 | 958.297 | 987.046 | 1.016.657 | 1.047.157 | 1.078.571 | 1.110.928 |
| 302 | 986.344 | 1.015.934 | 1.046.412 | 1.077.805 | 1.110.139 | 1.143.443 |
| 303 | 1.013.718 | 1.044.130 | 1.075.453 | 1.107.717 | 1.140.948 | 1.175.177 |
| 304 | 1.041.913 | 1.073.170 | 1.105.365 | 1.138.527 | 1.172.682 | 1.207.862 |
| 305 | 1.070.955 | 1.103.084 | 1.136.176 | 1.170.262 | 1.205.369 | 1.241.530 |
| 306 | 1.100.867 | 1.133.893 | 1.167.910 | 1.202.947 | 1.239.035 | 1.276.206 |
| 307 | 1.131.677 | 1.165.627 | 1.200.596 | 1.236.614 | 1.273.712 | 1.311.923 |
| 400 | | | | 1.195.567 | 1.231.434 | 1.268.377 |
| 401 | | | | 1.229.034 | 1.265.905 | 1.303.882 |
| 402 | | | | 1.263.505 | 1.301.410 | 1.340.452 |
| 403 | | | | 1.299.010 | 1.337.980 | 1.378.120 |
| 404 | | | | 1.335.581 | 1.375.649 | 1.416.918 |
| 405 | | | | 1.373.248 | 1.414.446 | 1.456.879 |
| 406 | | | | 1.412.046 | 1.454.407 | 1.498.039 |
| 407 | | | | 1.452.008 | 1.495.568 | 1.540.435 |